

Á 5470. fundi borgarráðs fimmtudaginn 12. október 2017 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 10. október 2017:

Lagt er til að skrifstofu eigna og atvinnuþróunar verði falið að ganga frá samningi við Reiti um leigusamning vegna Hjarðarhaga 45-47. Samkvæmt fyrirbyggjandi samningi sem gerður hefur verið við Reiti, með fyrirvara um samþykki borgarráðs, verður árleg leiga fyrir húsnæðið kr. 16.438.000. Húsnæðið verður síðan endurleigt Dansverkstæðinu fyrir sömu upphæð að viðbættum kr. 3.000.000 árlega vegna breytingakostnaðar. Reykjavíkurborg greiðir þegar fyrir húsnæðið svo um er að ræða tilfærslu á rekstrarkostnaði. Árleg leiga Dansverkstæðisins til Reykjavíkurborgar verður því kr. 19.438.000. Jafnframt að veita heimild fyrir breytingum á húsnæðinu svo að það henti starfsemi Dansverkstæðisins fyrir allt að kr. 45.000.000. Breytingakostnaðurinn komi af fjárfestingalið og rúmast þessi kostnaðaraukning innan ramma fjárfestingaáætlunar. Þá er lagt til að Dansverkstæðinu verði veittur árlegur húsaleigustyrkur sem nemur kr. 15.000.000 og verði þeirri fjárhæð bætt við rekstrarramma menningar- og ferðamálasviðs við gerð næstu fjárhagsáætlunar. Gert er ráð fyrir að húsnæðið verði tilbúið fyrir hina breyttu notkun um næstu áramót og þá byrji Dansverkstæðið að greiða leigu.

Greinargerð fylgir tillögunni. R17100145

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Fylgigögn

-  [Hjarðarhagi 45-47 - Dansverkstæðið](#)